

# 12. fundur hverfisnefndar Giljahverfis haldinn í Giljaskóla, 27. febrúar 2014.

**Fundurinn var aðalfundur og hófst kl. 20:00**

**Þetta gerðist:**

1. Rifjað upp hverjir væru í stjórninni.  
Hlynur Jónsson, Fannagili 9, formaður  
Finnur Víkingsson, Fannagili 10  
Hafþór Jörundsson, Vættagili 20  
Svala Haraldsdóttir, Skottugili 5  
Finnur Aðalbjörnsson, Fornagili 15

Varamenn eru:

Orri Stefánsson, Vættagili 5  
Linda Guðmundsdóttir, Huldugili 48

Stjórnin gerði grein fyrir stöfum sínum á síðasta ári. Haldnir voru þrír formlegir fundir og nokkrir minni spjallafundir milli manna. Tveir formlegir fundur voru haldir í Ráðhúsi Akureyrar með starfsmönnum framkvæmdadeildar og skipulagsdeildar. Auk þess hefur Hlynur hitt Jón Birgir í framkvæmdadeild nokkru sinnum.

Einn fundur var haldinn með Hlyni og Helga forstjóra Norðurorku vegna stauramálssins . Við því máli var brugðist fljót við og staurinn fjarlægður. Hverfisnefndin lagði til við framkvæmdadeild að tveggja milljóna króna fjárveiting hverfisins færi í uppbyggingu leiksvæðis milli F og V gilanna. Framkvæmdadeild hefur nú sett í áætlun sína fyrir 2014 að bærinn muni klára leikvöllinn með sinni framkvæmdaáætlun í ár og að fjárveiting okkar í ár geti farið í eitthvað annað verkefni.

Að auki vann nefndin að Vættargilsbrekku hugmyndinni og hefur bærinn samþykkt að ljósastaur verði settur upp í brekkunni. Næsta skref er að fá verð í verkið og kanna viðhorfið hjá næstu nágrönnum.

Umhverfisstyrkur 2014 til hverfisnefndar er kr 2.000.000.-

## **2. Önnur verkefni sem nefndin sendi inn til Umhverfisnefndar 2013.**

1. Færa hámarkshraða Merkigils niður í 30 km. Skoða möguleika á að þrengja götuna við gangbrautir eða sitja upp hraðahindranir.

2. Setja upp betri lýsingu og upplýstari merkingar við gangbrautir í Merkigili. (sjá myndir í viðhengi)

3. Klára göngustíga og leiksvæði milli Fannagils/Fossagils og Vikurgils/Vörðugils. Á sama staða setja nýtt gras á fótboltavöllinn. Völlurinn í dag ónothæfur fyrir fótbolta, grjót og glerbrot víða. Í framtíðinni banna snjósofnun þar.

4. Bæta þarf leikaðstöðu við Giljaskóla. Setja upp gervigras Hreystivöll (sjá mynd í viðhengi) og aðstöðu fyrir hjólabretti sambærilegri og við Glerárskóla og Lundaskóla. Aðstaðan til leikja í dag ekki ásættanleg. sjá mynd í viðhengi.

5. Vættargilsbrekkan. Setja upp lýsingu og bæta aðkomu að svæðinu. Þetta er eina brekkan í hverfinu þar sem börn geta rennt sér á snjópotum og einnig er brekkan frábær fyrir snjóbretti.

6. Klára göngustíga í norðurenda Fannagils og Fornagils og tengja við stíg við Merkgil.
7. Gera varanlega göngustíga upp í Hesthúsaþverfi upp frá Fannagili og Vesturgili.
8. Fjölga bekkjum við göngustíga fyrir eldra fólk sem vill geta farið út og gengið og sest niður reglulega.
9. Klára göngustíg sunnan og ofan við Huldugil og tengja upp í Vesturgil.

### **3. Eftirfarandi teikningar lágu til skoðunar og umræðu.**

Borgargil og húsið sem á að reisa þar.  
Leikvöllur á milli Fossagils og Vörðugils

### **4. Tillögur fundarins til stjórnar vegna umhverfisstyrksins á árinu 2014.**

Lýsing Vættargilsbrekku.

Foreldrafélag Giljaskóla. Fjölga leiktækjum á lóð Giljaskóla t.d. setja upp aðstöðu fyrir hjólabretti fyrir byrjendur.

Hreystivöllur við Giljaskóla.

Næsta skref. Kanna kostnað og skila inn til Akureyrarbæjar fyrir 10 mars tillögum hverfisnefndar.

### **5. Önnur mál - eldri mál.**

Fundurinn vill ítreka eftirfarandi fyrri óskir hverfisnefndar til Akureyrarbæjar.

Að nýji stígurinn við Leikvöllinn á milli Fossagils og Vörðugils verði lagður bundnu slitlagi og lýsingu og að hann verði settur inn á snjómokstursáætlun næsta vetur.

(úr fundargerð 27. maí 2013)

„Hverfisnefndin óskar eftir því við Bæjarráð/Framkvæmdaráð að teknir verði peningar úr liðnum „Gangstéttar og stígar“ fyrir stígum og lýsingu á umræddum leiksvæði á milli F-gila og V-gila.“

(úr fundargerð 20. febrúar 2013)

„Leyfilegur hámarkshraði í hverfinu og þá sérstaklega í Merkgili. Hámarkshraði var hækkaður úr 30 í 50 en ósk hverfisnefndar er að hann verði lækkaður niður í 30 aftur því að mikil umferð barna er yfir götuna. Eins mælst til þess að göngubrautir verði betur upplýstar og jafnvel hraðahindranir með eyju settar upp. Almennt eru gangbrautir yfir Merkgil með lélega eða enga lýsingu og gangbrauta merkingar óupplýstar.“

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 21:30.

Fundarritari  
Hlynur Jónsson.